

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 30. september 2022

Mál nr. E-4112/2021:

EC-Clear ehf.

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

gegn

Arion banka hf.

(Dóra Sif Tynes lögmaður)

SaltPay IIB hf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Íslandsbanka hf.

(Hildur Leifsdóttir lögmaður)

Landsbankanum hf.

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

og Valitor hf.

(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)

Úrskurður

I

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 2. september sl., var þingfest hinn 9. september 2021. Stefnandi er EC-Clear ehf., Dvergholti 1, Mosfellsbæ, en stefndu eru Arion banki hf., Borgartúni 19, Reykjavík, SaltPay IIB hf., Ármúla 30, Reykjavík, Íslandsbanki hf., Hagasmára 3, Kópavogi, Landsbankinn hf., Austurstræti 11 og Valitor hf., Dalshrauni 3, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda í efnispætti málsins eru þær **aðallega** að stefndu verði dæmd sameiginlega (in solidum) til að greiða stefnanda 922.921.239 krónur auk skaðabótavaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. júní 2013 til 21. júlí 2013 en auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. s.l. frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. s.l. Til vara gerir stefnandi fjórar kröfur:

Fyrsta varakrafa er að stefndu verði gert in solidum að greiða stefnanda skaðabætur að álitum að mati dómsins, auk skaðabótavaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. júní 2013 til 21. júlí 2013 en auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. s.l. frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr.

Önnur varakrafa er að stefndu verði gert hlutfallslega (pro rata) að greiða stefnanda skaðabætur, að álitum að mati dómsins, auk skaðabótavaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. júní 2013 til 21. júlí 2013 en auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. s.l. frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr.

Þriðja varakrafa er að viðurkennd verði óskipt skaðabótaábyrgð stefndu gagnvart stefnanda fyrir brot gegn 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með því að hinir stefndu Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. og forverar þeirra, í bága við 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fólu allir stefndu Borgun hf. og Valitor hf. að ákveða einhliða milligjöld til hinna stefndu banka við hirðingu debetkortafærslna og með því að stefndu Valitor hf. og Borgun hf., sem samtök fyrirtækja, í bága við 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 10. gr. s.l. og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ákváðu og höfðu samráð um ákvörðun samræmdra milligjalda fyrir hina stefndu banka vegna hirðingar debetkortafærslna á tímabilinu 21. júní 2003 til 21. júní 2013.

Fjórða varakrafa er að viðurkennd verði hlutfallsleg (pro rata) ábyrgð stefndu gagnvart stefnanda fyrir brot gegn 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með því að hinir stefndu Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. og forverar þeirra, í bága við 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fólu allir stefndu, Borgun hf. og Valitor hf., að ákveða einhliða milligjöld til þeirra við hirðingu debetkortafærslna og með því að stefndu Valitor hf. og Borgun hf., sem samtök fyrirtækja í bága við 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 10. gr. s.l. og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ákváðu og höfðu samráð um ákvörðun samræmdra milligjalda fyrir hina stefndu banka vegna hirðingar debetkortafærslna á tímabilinu 21. júní 2003 til 21. júní 2013.

Í fimmtu varakröfu er þess annars vegar krafist að viðurkennd verði sameiginleg skaðabótaábyrgð stefndu Borgunar hf., Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. gagnvart stefnanda vegna brota gegn 12. gr., sbr. 10. gr., samkeppnislaga nr. 8/1993 og nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með því að hinir stefndu, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. og forverar þeirra, í bága við 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fólu allir stefndu Borgun hf. að ákveða einhliða milligjöld til þeirra við hirðingu debetkortafærslna og með því að stefnda Borgun hf. sem samtök fyrirtækja, í bága við 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 10. gr. s.l. og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ákvað einhliða milligjöld fyrir hina stefndu banka vegna hirðingar debetkortafærslna á tímabilinu 21. júní 2003 til 21. júní 2013, og hins vegar að viðurkennd verði sólidarísk skaðabótaábyrgð stefndu Valitors hf., Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. gagnvart stefnanda, vegna brota gegn 12. gr., sbr. 10. gr., samkeppnislaga nr. 8/1993 og nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með því að hinir stefndu, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. og

forverar þeirra, í bága við 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fólu allir stefnda Valitor hf. að ákveða einhliða milligjöld til þeirra við hirðingu debetkortafærslna og með því að stefndi Valitor hf., sem samtök fyrirtækja, í bága við 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 10. gr. s.l. og 1. mgr. 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, ákvað einhliða milligjöld fyrir hina stefndu banka vegna hirðingar debetkortafærslna á tímabilinu 21. júní 2003 til 21. júní 2013. Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað, in solidum eða pro rata, eftir atvikum, skv. framlögðu málskostnaðaryfirliti og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti frá dómsuppsögu til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga.

Stefndu krefjast frávísunar málsins frá dómi og hafa þeir allir kosið að leggja hver fyrir sig einungis fram greinargerð um þá kröfu, sbr. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991.

Við munnlegan flutning málsins var málið flutt í einu lagi og sameiginlega af hálfu stefndu um þann þátt málsins.

II

Mál þetta á rætur að rekja til ætlaðra samkeppnislaga brota stefndu á greiðslukortamarkaði. Stefnandi krefst í máli þessu skaðabóta úr hendi stefndu vegna ætlaðs tjóns félagsins af þeim sökum.

Stefnandi höfðar mál þetta í sjötta sinn gegn stefndu vegna sama sakarefnis. Lýsingar á fyrri málsóknum og niðurstöðum dómstóla eru í öllum aðalatriðum raktar í úrskurði Landsréttar 26. mars 2021 í máli nr. 709/2020 og úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 2020 í máli nr. E-2567/2020 og verður stuðst við þær lýsingar hér á eftir.

1.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008

Forsaga málsins er sú að seinni hluta árs 2002 hóf Kortþjónustan hf. í samstarfi við PBS/Teller að veita þjónustu hér á landi á sviði færsluhirðingar fyrir greiðslukort. Kortþjónustan fékk síðar nafnið Korta hf.

Samkeppniseftirlitið hóf á árinu 2006 rannsókn á samkeppnislaga brotum stefnda Valitors hf., (sem þá hét Greiðslumiðlun hf.), stefnda, SaltPay IIB hf. (áður Borgun hf. og Kreditkort hf.) og Fjölgreiðslumiðlunar hf., (síðar Greiðsluveitan hf.), í greiðslukortaviðskiptum, einkum á árunum 2002 til 2006. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins laut að ólögmetu samráði allra fyrirtækjanna og misnotkun Valitors hf. á markaðsráðandi aðstöðu. Með sáttum við Samkeppniseftirlitið viðurkenndu þessi fyrirtæki ýmis samkeppnislaga brot og féllust á greiðslu sektar og að hlíta ýmsum skilmálum í því skyni að stuðla að virkri samkeppni á greiðslukortamarkaði. Greint var frá þessari niðurstöðu 10. janúar 2008 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr.

4/2008. Er þar nánar rakið til hvaða brota ákvörðunin tekur. Hvað Valitor hf. varðaði fólust brot þess í margvíslegum ólögmetum aðgerðum til að hrekja stefnanda og samstarfsaðila hans út af markaði, svo sem með því að nýta upplýsingar um viðskiptavinum stefnanda og bjóða þeim sérstök kjör í því skyni að fá þá til að hætta í viðskiptum við stefnanda, og ýmsum tæknilegum hindrunum til að gera stefnanda erfiðara um vik að framkvæma viðskipti. Þá er í ákvörðuninni rakið að stefndu Valitor hf. og Borgun hf. hafi haft með sér margvíslegt ólögmett samráð, m.a. með skiptingu markaða, samkomulagi þessara tveggja stefndu við Kaupmannasamtökin um þóknun söluaðila vegna debetkorta gegn lækkun á þóknun vegna kreditkorta, samráð um þóknun söluaðila vegna debetkorta, samráð um markaðs- og kynningarstarf og samningu ýmiss konar skilmála sem höfðu áhrif á rekstur söluaðila og hagsmuni korthafa og reglubundið samráð þessara stefndu og Fjölgreiðslumiðlunar um reglubundin upplýsingaskipti um viðskiptaleg málefni, m.a. um verð og verðlagningaráform Valitors hf. og Borgunar hf.

2.

Dómsáttin 3. mars 2015 á grundvelli ákvörðunar

Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008

Kortabjónustan hf. höfðaði mál á hendur framangreindum þremur fyrirtækjum, þ.e. Valitor hf., Borgun hf. og Greiðsluveitunni hf., með stefnu 16. desember 2014 og krafðist skaðabóta vegna þeirra samkeppnislagabrota sem fjallað var um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008. Málinu lauk með dómsátt 3. mars 2015 en samkvæmt henni skyldu fyrirtækin greiða Kortabjónustunni hf. samtals 250.250.000 krónur. Með sáttinni lýsti stefnandi því yfir, skilyrðislaust og óafturkræft, að í henni fælist fullnaðaruppgjör vegna þeirra brota sem lýst er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 og í því fælist m.a. að stefnandi gæti ekki krafist frekari bóta fyrir mögulegt tjón sem framangreind brot kynnu að hafa valdið honum eftir það rannsóknartímabil sem ákvörðunin tók til. Jafnframt kemur fram að sáttin takmarki ekki rétt stefnanda til að hafa uppi skaðabótakröfu vegna annarra meintra brota en þeirra sem rakin eru í framangreindri ákvörðun, þ. á m. vegna meintrar samræmingar milligjalda sem rakin séu í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins frá 8. mars 2013, og annarra meintra brota sem þar séu rakin, að því gættu að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra til viðbótar því tjóni sem leiddi af háttsemi sem lýst er í ákvörðuninni og/eða krafist var bóta fyrir í stefnu þess máls. Enn fremur er vísað til matsgerðar sem lá fyrir í málinu, dags. 29. október 2013, og segir að tjón sem metið er í þeirri matsgerð teljist uppgert með sáttinni.

3.

Ákvörðun samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 vegna milligjalda

Samkeppniseftirlitið hóf aðra rannsókn á meintum samkeppnislagabrotum allra stefndu á greiðslukortamarkaði í kjölfar erindis Kortabjónustunnar hf. 3. apríl 2009. Rannsóknin tók meðal annars til ætlaðs ólögmetts samráðs útgefenda greiðslukorta í tengslum við

ákvörðun milligjalda og meintrar samvinnunar á færsluhirðingu og vildarkjörum VISA-korthafa. Samkeppniseftirlitið gaf út andmælaskjal vegna rannsóknarinnar 8. mars 2013. Þar er lýst því frummati Samkeppniseftirlitsins að stefndu hafi með margvíslegum hætti brotið samkeppnislög, m.a. með óbeinu verðsamráði hinna stefndu banka og beinu verðsamráði Valitors og Borgunar tengdu ákvörðun um milligjöld, þ. á m. séu gjöld fyrir krossfærsluhirðingu, og með því hafi hinir stefndu bankar, sem séu í markaðsráðandi stöðu, mismunað Kortu hf. og samstarfsaðila Kortu í samanburði við Valitor hf. og Borgun hf. í sams konar viðskiptum og þannig brotið gegn ákvæðum 11. gr. samkeppnislaga.

Framangreindri rannsókn Samkeppniseftirlitsins lauk 30. apríl 2015 með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 sem byggðist á sáttum sem stefndu gerðu við eftirlitið vegna málsins 9. júlí, 20. ágúst og 15. desember 2014.

Í ákvörðuninni kom meðal annars fram að fyrirkomulag um ákvörðun milligjalda hefði falið í sér óbeina samvinnu um verð milli útgefenda á greiðslukortum á því tímabili sem rannsóknin beindist að, 1. janúar 2007 til 31. desember 2009. Þetta óbeina samstarf hafi falist í því að útgefendur, sem voru stóru bankarnir þrír, hafi með samningum falið annars vegar Borgun hf. og hins vegar Valitor hf. að ákvarða í verðskrá m. milligjöld vegna notkunar VISA- og MasterCard-greiðslukorta. Í framkvæmd hafi umrædd milligjöld verið ákvörðuð með samræmdum hætti. Jafnframt hafi þetta fyrirkomulag falið í sér að á vettvangi samtaka stefndu tveggja, Borgunar hf. og Valitors hf., hafi átt sér stað samvinna og framkvæmd sem ekki hafi verið í samræmi við 12. gr. samkeppnislaga. Þá segir í ákvörðuninni að þar sé ekki fjallað sérstaklega um ýmsa háttsemi stefndu sem greint er frá í andmælaskjalinu og vísar Samkeppniseftirlitið til þess að það hafi heimild, samkvæmt 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, til þess að ákveða að einungis hluta máls ljúki með efnislegri niðurstöðu, enda sé það mat eftirlitsins að stefndu hafi fallist á umfangsmikil skilyrði sem ætlað sé að eyða mögulegum samkeppnishindrunum.

4.

Fyrri málssóknir stefnanda á hendur stefndu.

Kortþjónustan hf. höfðaði mál á hendur stefndu með stefnu 13. janúar 2015 til greiðslu skaðabóta vegna framangreinds samráðs stefndu, einkum vegna ákvörðunar þeirra um milligjöldin, þ.e. greiðslu færsluhirða til kortaútgefenda. Til grundvallar málatilbúnaði stefnanda lá m.a. áður nefnt andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins frá 8. mars 2013 auk matsgerðar dómkvaddra matsmanna á ætluðu tjóni stefnanda. Í matsbeiðni var óskað eftir því að metið yrði umfang missis hagnaðar stefnanda og annað tjón sem leitt hefði af þeirri háttsemi stefndu sem lýst væri í andmælaskjalinu, en síðar var ákveðið að efni matsgerðar skyldi takmarkast við mat á tjóni vegna ákvörðunar milligjalda á debetkortamarkaði. Með dómi Hæstaréttar 1. júní 2017, í máli nr. 239/2017, var

staðfestur úrskurður héraðsdóms um frávísun málsins frá dómi vegna vanreifunar á aðild stefnanda. Taldi dómurinn að verulega skorti á fullnægjandi upplýsingar um aðkomu og hlutdeild Teller A/S í viðskiptum Kortþjónustunnar hf. á því tímabili sem um ræddi.

Kortþjónustan hf. höfðaði mál að nýju á hendur stefndu 28. september 2017 og kvaðst þá hafa lagfært þá ágalla á fyrri málatilbúnaði sínum sem leiddu til frávísunar fyrra málsins. Með úrskurði Landsréttar 9. maí 2018, í máli nr. 289/2018, var staðfestur úrskurður héraðsdóms um frávísun málsins frá dómi vegna vanreifunar.

Stefnandi höfðaði mál að nýju á hendur stefndu með stefnu birtri 8. nóvember 2018 en með kröfuframsali, dagsettu 7. nóvember s.á., framseldi Kortþjónustan hf. allar bótakröfur sínar á hendur stefndu, vegna samkeppnislagabrota þeirra, til stefnanda. Með úrskurði Landsréttar 15. apríl 2019 í máli nr. 167/2019 var úrskurður héraðsdóms um frávísun málsins staðfestur vegna vanreifunar á aðild, bæði til sóknar og varnar. Auk þess þótti stefnandi hvorki hafa leitt nægilegar líkur að því að hann hefði orðið fyrir tjóni né gert viðhlítandi grein fyrir tengslum ætlaðs tjóns síns við þau samkeppnisbrot stefndu sem hann vísaði til og þannig ekki bætt úr fyrri ágöllum á málatilbúnaði Kortþjónustunnar hf.

Mál þetta var höfðað í fjórða sinn með stefnu þingfestri 24. október 2019. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5863/2019, sem kveðinn var upp hinn 15. nóvember 2019, var stefnanda gert að leggja fram málskostnaðartryggingu innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins. Af því varð ekki og var málið því fellt niður.

Stefnandi höfðaði mál í fimmta sinn á hendur stefndu með stefnu þingfestri 21. apríl 2020 og var sakarefnið það sama og í fyrri úrlausnum dómsins. Með úrskurði Landsréttar 26. mars 2021 í máli nr. 709/2020 var úrskurður héraðsdóms í máli nr. E-2567/2020 um frávísun málsins staðfestur. Í niðurstöðum Landsréttar kom m.a. fram að rökstuðningur stefnanda fyrir sameiginlegri aðild stefndu samkvæmt 19. gr. laga nr. 91/1991 og sameiginlegri ábyrgð allra varnaraðila á tjóni sem hefði hlotist annars vegar af ólögmætu samráði á vettvangi stefnda Valitors hf. og hins vegar á vettvangi Borgunar hf. væri efnislega óbreyttur frá fyrra máli stefnanda sem lauk með úrskurði Landsréttar í máli nr. 167/2019. Taldi dómurinn að enn skorti verulega á að málatilbúnaður stefnanda væri reifaður með fullnægjandi hætti um aðild til varnar og að það eitt og sér varðaði frávísun málsins. Þá var með vísan til forsendna úrskurðar héraðsdóms einnig fallist á að allir meginágallar sem voru á málatilbúnaði stefnanda og áður Kortþjónustunnar hf., og sem leiddu til frávísunar á fyrri málum þeirra, væru enn til staðar. Í úrskurði héraðsdóms var talið óljóst hvort og þá hvaða áhrif breytingar á starfsemi stefnanda á árinu 2012 hefðu á forsendur og útreikninga tjóns, en á því ári hefði stefnandi hætt samstarfi við PBS Teller og boðið sjálfur upp á færsluhirðingu frá þeim tíma. Hvorki hafi í stefnu né matsgerð verið vikið að áhrifum þessa á útreikninga á ætluðu tjóni. Þá er vikið að dómsátt sem stefnandi gerði 3. desember 2015 í máli gegn stefndu, Valitor hf., Borgun hf. og

Greiðsluveitunni hf. Stefnandi hafi fengið greiddar bætur vegna brota stefndu sem virtust að stærstum hluta hafa átt sér stað á sama tímabili og sú háttsemi sem krafist hefði verið bóta fyrir í umræddu máli. Sú dómsátt hefði verið byggð á því að stefnandi gæti ekki krafist frekari bóta vegna háttsemi sem félli undir sakarefni málsins. Af þessum sökum bæri nauðsyn til þess að í stefnu og matsgerð væri gerður skýr greinarmunur á afleiðingum brota sem bætt voru með dómsáttinni og afleiðingum háttsemi sem kröfugerð málsins lyti að. Stefnandi hefði byggt á því að þessi munur væri skýr. Fælist hann í því að brot stefndu, Borgunar og Valitors, sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 laut að og sáttin frá 3. mars 2015 byggðist á, lyti að brotum á kreditkortamarkaði en þau brot sem krafist væri bóta fyrir í umræddu dómsmáli og byggðust á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, lytu að debetkortamarkaði. Þessum málsástæðum hafnaði héraðsdómur og tók fram að í fyrsta lagi væri í málsgögnum hvergi gerð skýr grein fyrir því hvernig markaðir með þessar mismunandi tegundir greiðslukorta skiptust og hvað væri átt við, í stefnu og víðar í málalíbúnaði stefnanda, þegar vísað væri til færsluhirðingarmarkaðar eða kortaþjónustu. Yrði ekki betur séð en þar væri átt við viðskipti með færsluhirðingu beggja kortategunda, nema annað væri tekið fram. Í öðru lagi væri með engu móti unnt að fallast á það með stefnanda að fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefði einvörðungu lotið að brotum á kreditkortamarkaði. Í ákvörðuninni nr. 4/2008 væri fjallað um margvíslegar markaðshindranir til að torvelda stefnanda og samstarfsfyrirtæki hans að komast inn á markaðinn sem virtust, a.m.k. sumar þeirra, hafa átt jafnt við um debet- og kreditkort. Sem dæmi um slíkar aðgerðir sem ákvörðunin tæki til væru sérstakir samningar um lægri þóknun og fría posa, aðgerðir stefndu Valitors og Borgunar, í samstarfi við Fjölgreiðslumiðlun hf., til að torvelda aðgang að RÁS-kerfinu fyrir debetkortafærslur, markaðsskipting Valitors og Borgunar á posaleigu, samningar þessara stefndu við þjónustuaðila um þóknun fyrir debetkort gegn lækkun á kreditkortaþjónustu, samráð í kynningarstarfi og samráð um ýmiss konar skilmála sem, a.m.k. að hluta til, gátu varðað bæði debet- og kreditkort. Tók héraðsdómur fram að af framangreindu yrði leitt að jafnvel þótt stefnandi leitaðist við að afmarka málalíbúnað sinn við ætlað tjón vegna brota stefndu á debetkortamarkaði leiddi sú afmörkun ekki til þess að greint væri á milli krafna þessa máls og tjóns sem telja yrði að fullu bætt með fyrirliggjandi dómsátt. Síðan segir svo í niðurstöðum dómsins:

Þegar allt framangreint er virt er það niðurstaða dómsins að allir meginágallar á málalíbúnaði stefnanda, sem leitt hafa til frávísunar málsins frá dómi á fyrri stigum, séu enn til staðar. Enn skortir á að í stefnu og málsgögnum sé gerð fullnægjandi grein fyrir bótagrundvelli krafna og útskýrt hvernig greint er á milli tjóns sem þegar telst bætt á grundvelli dómsáttar frá 3. mars 2015 og ætlaðu tjóni sem krafist er bóta fyrir í þessu

máli. Af þessum sökum hefur stefnandi ekki sýnt fram á það með fullnægjandi hætti nú, frekar en í fyrri málatilbúnaði sínum, hvert orsakasambengið er á milli háttsemi stefndu sem hann kveður vera grundvöll bótakröfu sinnar og þess tjóns sem hann byggir á að sé afleiðing þeirrar háttsemi. Aðalkrafa stefnanda er því vanreifuð skv. d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Af sömu ástæðu er heldur ekki unnt að taka varakröfur hans, um bætur að álitum, til skoðunar. Verður ekki hjá því komist að vísa málinu í heild frá dómi enn á ný.

5.

Stefnandi hefur lagt fram beiðni til dómsins um viðbótarmat og dómkvaðningu matsmanns. Með matsbeiðninni hyggst stefnandi renna sterkari stoðum undir bótakröfur sínar, þar sem stefndu hafi gagnrýnt að í fyrirliggjandi matsgerð dómkvaddra matsmanna frá 30. júní 2016, í máli nr. M-157/2013, hafi við útreikning á meintu tjóni stefnanda ekki verið litið til þess hvaða tjóni hver og einn stefndu hefði valdið. Einnig hafi komið fram í málatilbúnaði stefndu að fyrrgreind matsgerð væri ófullnægjandi að tvennu leyti. Í fyrsta lagi væri um að ræða tvískipta háttsemi hjá stefndu, annars vegar framsal valds frá útgefendum kortanna, stefndu, Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf., til stefnda, Valitors hf., til að ákveða milligjald vegna færsluhirðingar á debetkortum sem greiða skyldi bönkunum og hins vegar sams konar framsal frá bönkunum til Borgunar hf. Í annan stað hafi komið fram í málatilbúnaði stefndu að augljóst væri af matsgerðinni að tjónið væri að einhverju leyti tjón samstarfsfyrirtækis Kortu hf., PBS Teller, en ekki tjón Kortu. Tilgangur með nýrri matsbeiðni sé að varpa skýrara ljósi á þessa þætti í niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð.

Stefndu mótmæltu dómkvaðningu matsmanns áður en málið yrði flutt um frávísunarkröfur þeirra og var sá ágreiningur tekin til úrskurðar 3. mars 2022. Í úrskurði héraðsdóms uppkveðnum 31. mars s.á., sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar 19. maí 2022 í máli nr. 199/2022, var beiðni stefnanda um að aflað yrði matsgerðar dómkvaddis matsmanns áður en málið yrði flutt um frávísunarkröfur stefndu hafnað.

6.

Með bréfi stefnanda til Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. ágúst 2022 var óskað eftir svörum við nánar tilgreindum spurningum sem lutu að afmörkum rannsóknar Samkeppniseftirlitsins í tengslum við ákvörðun eftirlitsins nr. 8/2015, m.a. um afmörkun tímabils rannsóknarinnar.

Í svari Samkeppniseftirlitsins, dags. 24. ágúst 2022, kemur m.a. fram að niðurstaða rannsóknarinnar útiloki ekki að hið ólögmeta samráð hafi viðgengist fyrir 1. janúar 2007 og eftir 31. desember 2009. Við rannsóknir samkeppnislagabrota sé ætíð nauðsynlegt að afmarka rannsókn við tiltekið tímabil. Í greindu máli sem hafi lokið með ákvörðun nr. 8/2015 hafi við afmörkun brotatímabils m.a. verið tekið almennt mið af því

sem fram hafi komið í kvörtun Kortapjónustunnar og í umsögnum og svörum málsaðila við úrvinnslu málsins. Þá kom einnig fram í svari Samkeppniseftirlitsins, um meint samráð Valitors hf. og Borgunar hf., að rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefði ekki verið beint sérstaklega að því hvort Valitor hf. og Borgun hf. hefðu átt með sér samráð. Hafi sú áhersla einkum ráðist af því sem fram hafi komið í gögnum sem aflað hafi verið frá málsaðilum við rannsókn málsins. Rannsóknin hafi einkum tekið mið af aðgreindri stöðu hvors þessara fyrirtækja um sig sem samtaka fyrirtækja, skv. 12. gr. samkeppnislaga.

III

1. Helstu málsástæður stefndu fyrir frávísun málsins

Stefndu telja margvíslega annmarka vera á málatilbúnaði stefnanda. Benda stefndu í *fyrsta lagi* á að það liggi ljóst fyrir að samráð hafi ekki verið á milli Valitors hf. og Borgunar hf. og af þeim sökum skorti enn á að stefnandi hafi gert viðhlítandi grein fyrir sameiginlegri aðild stefndu samkvæmt 19. gr. laga nr. 91/1991 og sameiginlegri ábyrgð allra stefndu á tjóni sem hlaust annars vegar af ólögmætu samráði á vettvangi stefnda, Valitors hf., og hins vegar á vettvangi stefnda, Borgunar hf., og varði það eitt og sér frávísun málsins. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sé ekki hægt að tengja saman ólögmætt samráð Valitors hf. og Borgunar hf. Eina gagnið sem stefnandi geti lagt til grundvallar sé ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, dags. 22. september 2009, en þar segir Samkeppniseftirlitið í bréfi til Kortapjónustunnar svo:

... það sé mat Samkeppniseftirlitsins að rétt sé að rannsaka ætluð brot sem tvö aðskilin mál. Annars vegar Kortapjónustunnar ehf. gegn Valitor hf. og útgefendum debetkorta á Íslandi og hins vegar erindi Kortapjónustunnar ehf. gegn Borgun hf., Kreditkortum hf. og útgefendum debetkorta á Íslandi.

Þá benda stefndu á svör við fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins til stefnanda, dags. 24. ágúst 2022, þar sem segir svo:

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beindist ekki sérstaklega að því hvort Valitor og Borgun hefðu átt með sér samráð. Réðst sú áhersla einkum að því sem fram kom í þeim gögnum sem aflað var frá málsaðilum við rannsókn málsins. Rannsóknin tók einkum mið af aðgreindri stöðu hvors þessara fyrirtækja um sig sem samtaka fyrirtækja skv. 12. gr. samkeppnislaga.

Í *öðru lagi* er á því byggt að bótagrundvöllur málsins sé enn óljós, eins og lýst er í málsgrein nr. 34 í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2567/2020 sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar nr. 709/2020. Telja stefndu að engin tengsl séu

á milli tjóns stefnanda og háttsemi stefndu. Korta hf. hafi ekki haft aðgang að innlenda greiðslukerfinu og þess vegna hafi Korta ekki getað keppt við Valitor hf. og Borgun hf. Benda stefndu á það sem segir um þetta í mgr. 184 í stefnu:

Á sama tíma neituðu útgefendur að ganga til samninga við PBS/Kortu nema um milligjöld beggja kortategundanna samtímis og þar sem Korta hafði ekki aðgang að innlenda kerfinu hamlaði þetta því að Korta gæti keppt á jafnræðisgrundvelli við stefndu Valitor hf. og Borgun hf. um færsluhirðingu á debetkortum.

Stefndu benda á að breyting hafi orðið á starfsemi Kortabjónustunnar hf. á árinu 2012. Engin grein sé gerð fyrir því í stefnu hvaða áhrif sú breyting hafði á starfsemi stefnanda og útreikninga á tjóni hans. Vísa stefndu til úrskurðar Héraðsdóms í málinu nr. E-2567/2020, þar sem segir svo:

Þá er óljóst hvort og þá hvaða breytingar á starfsemi stefnanda á árinu 2012 hafa á forsendur útreikninga tjóns hans. Svo sem áður er rakið hætti stefnandi samstarfi síð PBS/Teller á því ári og bauð sjálfur upp á færsluhirðingu frá þeim tíma. Hvorki í stefnu né matsgerð er vikið að áhrifum þessa á útreikninga um ætlað tjón stefnanda.

Í þriðja lagi er á því byggt að stefnandi hafi þegar fengið greiddar bætur vegna málsins með dómsáttinni 3. mars 2015 í máli nr. E-86/2015. Málalíbúnaður stefnanda nú sem fyrr sé auk þess ekki afmarkaður í ljósi þess tjóns sem áður hafi verið bætt. Stefnandi láti nægja að staðhæfa að dómsáttin hafi engin áhrif í þessu máli. Stefnu benda á að um dómsáttina hafi verið fjallað í úrskurði héraðsdóms og úrskurði Landsréttar í máli nr. 709/2020, sbr. það sem segir í málsgreinum 36-37 í úrskurði héraðsdóms:

Af þessum sökum ber nauðsyn til þess að í stefnu og matsgerð sé gerður skýr greinarmunur á afleiðingum brota sem bætt voru með dómsáttinni og afleiðinga háttsemi sem kröfugerð þessa máls lýtur að. Stefnandi byggir á því að þessu greinarmunur sé skýr. Felist hann í því að brot stefndu Borgunar og Valitors, sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 laut að og sáttin frá 3. mars 2015 byggir á, lúti að brotum á kreditkortamarkaði en þau brot sem hann krefjist bóta fyrir í þessu máli, og byggji á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, lúti að debetkortamarkaði. Framangreind staðhæfing stefnanda fær ekki staðist. [...] Í öðru lagi er með engu móti unnt að fallast á það með stefnanda að fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi einvörðungu lotið að brotum á kreditkortamarkaði. [...] Af framangreindu leiðir að jafnvel þótt stefnandi leitist við að afmarka málalíbúnað sinn við ætlað tjón vegna brota

stefndu á debetkortamarkaði leiðir sú afmörkun ekki til þess að greint sé á milli krafna þessa máls og tjóns sem telja verður að fullu bætt með fyrirbyggjandi dómsátt.

Í *fjórða lagi* telja stefndu að málatilbúnaður stefnanda samrýmist ekki kröfuframsali Kortþjónustunnar til stefnanda, dags. 7. nóvember 2018. Þá vekja stefndu sérstaka athygli á því að dómstólar hafi ekki tekið afstöðu til gildis kröfuframsalsins við úrlausn fyrri mála. Kröfuframsalið sé vegna atvika 2007–2009, en krafa stefnanda nái yfir lengra tímabil, þ.e. árin 2003 til 2013. Stefndu benda á að mál stefnanda grundvallist á umræddu kröfuframsali Kortþjónustunnar hf. til stefnanda. Ljóst sé af kröfuframsalinu að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 marki grundvöll málsins, en málatilbúnaður stefnanda samrýmist ekki kröfuframsalinu. Kröfuframsalið geri ráð fyrir að mál sé höfðað í kjölfar ákvörðunar samkeppnisyfirvalda nr. 8/2015 og sé það afmarkað við brot gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Ljóst sé að kröfur stefnanda og málstæður gangi langt út fyrir kröfuframsalið. Bæði stefnan og matsgerðin sem stefnandi leggur til grundvallar kröfugerð sinni séu því marki brennd að umfjöllunin miðist einnig við brot gegn 11. gr. samkeppnislaga, þ.e.a.s. að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgangshindrana og annarra útilokunaraðgerða. Þá taki kröfugerð stefnanda einnig til tímabila fyrir og eftir tímabil ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem hafi verið afmörkuð við tímabilið 1. janúar 2007 til 31. desember 2009. Málatilbúnaður stefnanda samrýmist því ekki kröfuframsalinu. Taka stefndu fram að það verði að vera samhengi á milli skaðabótakröfu og samkeppnislagaabrots.

Í *fimmta lagi* benda stefndu á að matsgerðin sé helsta sönnunargagn stefnanda, þrátt fyrir að dómstólar hafi ítrekað talið hana ófullnægjandi. Telji stefndu matsgerðina ótækt sönnunargagn fyrir aðalkröfu stefnanda, eins og fram komi í úrskurði Landsréttar í málinu nr. 289/2018, en þar segi svo í málsgrein 19:

[...] Ekki verður ráðið af matsbeiðni sóknaraðila eða framlagðri matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem aðalkrafa hans byggist á, að miðað sé við þetta þóknunarhlutfall við útreikninga á tjóni sóknaraðila. Enda þótt varnaraðilar hafi haldið því fram og stutt haldgóðum rökum að í matsgerðinni hafi verið miðað við allt annað og herra þóknunarhlutfall hefur sóknaraðili ekki gert reka að því að gera nánari grein fyrir tölulegum grundvelli matsgerðarinnar og þar með aðalkröfu sinnar.

Þá benda stefndu á að aðferðafræði í matsgerð sé gölluð. Krafa stefnanda byggist á tjóni sem stefnandi telji sig hafa orði fyrir vegna ólögmæts samráðs, sbr. 10. gr. samkeppnislaga, en matsmenn miði við tjón sem kunni að verða vegna brota á 11. gr. samkeppnislaga, þ.e.a.s. mat á tapaðri markaðshlutdeild og töpuðum hagnaði og framlegð. Ástæðan sé sú að til grundvallar matsgerðinni hafi legið andmælaskjal

Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2013, þar sem umfjöllun miðaðist við brot á 10. og 11. gr. samkeppnislaga. Endanlega ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 tók hins vegar, sem fyrr, segir aðeins til brota gegna 10. gr., sbr. 53. gr., samkeppnislaga og sé það óumdeilt.

Stefndu benda einnig á að tölulegir annmarkar séu á matsgerðinni sem lúti að þóknunarhlutfallinu, þ.e. þeim tekjum sem stefnandi telji sig hafa átt að hafa. Stefnandi hafi miðað við þóknanahlutfallið 0,1% í stefnu en það hlutfall samræmist ekki niðurstöðum og forsendum matsgerðarinnar þar sem matsmenn hafi miðað við þóknanahlutfall upp á 0,5%. Þá rými niðurstöður matsgerðarinnar ekki við raunverulegar veltutölur á debetkortamarkaði, miðað við þær veltutölur sem Seðlabankinn hafi tekið saman. Þær sýni að matsgerðin gangi ekki upp. Stefnu telja að úr þessu verði ekki bætt með viðbótarspurningum til matsmanna. Viðbótarspurningar sem stefnandi hafi óskað eftir að leggja fyrir matsmenn með nýrri matsbeiðni feli í sér tilraun til að áætla hlutdeild hvers og eins stefndu í meintu tjóni og tilraun til að lagfæra annmarka á útreikningum á tapaðri markaðshlutdeild, hagnaðarmissi o.s.frv. með það að markmiði að staðreyna tjón vegna brota gegn 11. gr. samkeppnislaga. Þá telja stefndu að ný matsbeiðni sé of seint fram komin. Stefnanda hafi mátt vera ljósir í síðasta lagi frá 9. maí 2018, þeir annmarkar sem væru á matsgerðinni, sbr. síðastgreindan úrskurð Landsréttar í máli nr. 289/2018.

Í *sjötta lagi* telja stefndu aðild til sóknar vanreifaða. Byggja stefndu á því að Landsréttur hafi ekki að öllu leyti leyst úr þessu atriði í máli nr. 709/2020. Málinu hafi verið vísað frá dómi af öðrum ástæðum.

Stefndu benda á að stefnandi byggi rétt sinn á kröfuframsali Kortabjónustunnar hf., dags. 7. nóvember 2018. Svo sem þar komi fram hafi stefnandi fengið framseldar bótakröfur vegna samkeppnisbrota samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015. Ákvörðunin hafi tekið til brota á tímabilinu 1. janúar 2007 til 31. desember 2009. Kröfur frá þessum árum hafi verið framseldar en annað ekki. Þess vegna sé vanreifað hvernig stefnandi geti á grundvelli framsalsins og ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins krafist bóta vegna tímabilsins 2003–2007 og 2010–2013. Ákvörðun samkeppniseftirlitsins lúti aðeins að samráðsbrotum, sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Stefnandi laumi hins vegar inn atriðum um aðgangssynjanir, þ.e. brot gegn markaðsráðandi stöðu, sbr. 11. gr. laganna. Þetta gangi ekki upp og rúmist ekki innan framsalsins. Þess vegna sé sóknaraðild vanreifuð.

Í *sjöunda lagi* sé einnig vanreifað hvernig stefnandi geti átt tilkall til bóta vegna atvika sem urðu áður en hann fékk sjálfur leyfi til færsluhirðingar 2012. Auk þess hafi Korta hf. slitið samstarfi við Teller á árinu 2012 og sé engin grein gerð fyrir því hvaða áhrif þetta hafi haft á tjónsútreikninga, sbr. úrskurð Landsréttar nr. 289/2018. Það liggi ekki fyrir upplýsingar um samningssamband stefnanda og Teller og nægi það eitt og sér til frávísunar.

Í áttunda lagi telja stefndu samlagsaðild til varnar vanreifaða og skilyrði fyrir henni ekki uppfyllt, sbr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Telja stefndu þetta vera augljósasta annmarka á málatilbúnaði stefnanda. Þessi annmarki nægi einn og sér til frávísunar málsins. Þrátt fyrir mörg orð í stefnu þá sé þetta atriði óbreytt í grunninn, enda byggi stefnandi enn á sömu röksemdum og áður. Málatilbúnaður stefnanda sé reistur á „heildarsamráði“ stefndu, þ.m.t. innbyrðis samráði stefndu Borgunar hf. og Valitors hf. Engin gögn styðji samráð Borgunar og Valitors, en á því hafi verið byggt í öllum fyrri málsóknum stefnanda. Benda stefndu á að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 hafi verið tekið fram að um aðgreind samráðsbrot hafi verið að ræða, um hafi verið að ræða rannsókn á tveimur aðskildum málum. Það að aðild til varnar fullnægi skilyrðum 19. gr. laga nr. 91/1991 sé því enn vanreifað. Verði þetta atriði ekki talið vanreifað þá telja stefndu að aðstæður í máli geti ekki efnislega fallið undir ákvæði 19. gr. laganna, þar eð ekki sé um að ræða sömu atvik eða aðstæður. Með sömu rökum telja stefndu vanreifað hvernig stefndu geti allir borið óskipta skaðabótaábyrgð í málinu. Engu breyti þótt brotin séu eðlislík, um sé að ræða aðskilda háttsemi.

Stefndu telja einnig vanreifaða aðild og skaðabótaskyldu stefndu, Landsbankans hf., Arion banka hf. og Íslandsbanka hf., sem stofnaðir voru á árinu 2008, að því er varðar atvik á árunum 2003 til 2008. Benda stefndu á að þessu atriði hafi ekki verið gefinn gaumur í greinargerðum stefndu. Hinir stefndu bankar hafi verið stofnaðir á árinu 2008 og um leið hafi forverar þeirra horfið. Þessir nýju lögaðilar geti ekki borið skaðbótaábyrgð á fortíðinni. Engu að síður krefji stefnandi þá um bætur fyrir tímabil þegar stefndu voru ekki til. Hvernig þetta horfi við sé með öllu vanreifað af hálfu stefnanda.

Stefndu benda á að það sé skýrt að íslenskum rétti að ábyrgð á skaðabótum vegna samkeppnislagabrota yfirfærast ekki á nýjan lögaðila, ólíkt sektum fyrir samkeppnislagabrot. Stefnandi hafi laumað inn í varakröfur „forverum“ stefndu. Stefnu benda á að þessir forverar eigi enga aðild að málinu. Framangreind atriði ein og sér og þótt annað komi ekki til valdi frávísun málsins. Telja stefndu að allar kröfur stefnanda þar sem vísað er til „forvera“ séu ódómtækar, sbr. 3., 4. og 5. varakröfu. Dómkröfur sem beinist að aðilum sem eigi ekki aðild að máli séu ódómtækar.

Stefndu byggja í *núnda lagi* á því að málatilbúnaður stefnanda sé óskýr og vanreifaður. Í fyrsta lagi sé kröfuframsals til stefnanda frá Kortabjónustunni hf. þröngt. Aðeins hafi verið framseldar kröfur sem lúti að tjóni vegna atriða sem greinir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, en ekki önnur atriði. Matsgerð dómkvaddra matsmanna svari því ekki hvaða tjón sé verið að meta, þ.e. tjón af völdum hvaða atvika.

Stefndu telja einnig málatilbúnað stefnanda þversagnakenndan og mótsagnakenndan, sem eitt og sér valdi frávísun. Verðsamráð, eins og því hafi verið lýst í ákvörðun nr. 8/2015, bitni almennt á söluaðilum og neytendum en hafi ekki bitnað á

Kortu hf. sem keppninaut. Vanreifað sé hvernig samráðið bitnaði á Kortu hf. Samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sé ljóst að talið var að milligjöldin hefðu verið ákveðin of há í samráðinu og að eftirlitið hafi viljað lækkun þeirra. Í stefnu sé hins vegar byggt á því í umfjöllun um saknæmi að milligjöldin hafi verið ákveðin of lág í samráðinu en ekki of há. Það sé þvert á niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins sem taldi samráðið leiða til of hárra milligjalda. Að þessu leyti sé málatilbúnaðurinn svo þversagnakenndur að vísa beri málinu frá dómi. Benda stefndu á að það hafi verið hinar meintu aðgangssynjanir sem hafi getað valdið stefnanda tjóni en ekki of há milligjöld. Tjón vegna aðgangssynjunar hafi verið gert upp með dómsáttinni árið 2015.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 fól í sér að milligjöldin hefðu verið ákveðin of há, og vildi eftirlitið lækka milligjöld. Í stefnu sé hins vegar byggt á því að milligjöldin hafi verið of há, sbr. bls. 38 og 39 í stefnu, málsgrein 193 og 199. Það sé því ekki verið að byggja á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins 8/2015, eins og haldið sé fram í stefnu. Það sé ekki hægt að laga þetta. Stefndandi sé búinn að fá bætur fyrir aðgangssynjun með dómsáttinni frá árinu 2015 og sé að reyna að fá meira en það gangi ekki upp. Bætur reistar á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins segi eitt en málatilbúnaður stefnanda segi annað. Þannig sé þetta þversagnakennt.

Stefndu telja í *tíunda lagi* að dómkröfur stefnanda gangi ekki upp. Telja stefndu að krafa um bætur að álitum, (1. og 2. varakrafa) geti tæplega gengið ein og sér sem krafa, öðru máli gegni ef gerð er töluleg krafa og svo meti dómstólar bætur að álitum.

Þá telja stefndu að krafa stefnanda um pro rata bætur gangi engan veginn upp. Dómari geti ekki metið fjárhæðina og hvað hver og einn skuli greiða. Stefndandi verði sjálfur að tilgreina fjárhæðir (2. varakrafa) eða hlutföll (4. varakrafa).

Að því er varðar kröfur um viðurkenningu á óskiptri skaðabótaskyldu (3. varakrafa) vísa stefndu til úrskurðar Landsréttar í máli nr. 289/2018, þar sem segir svo:

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur í fjölda dóma Hæstaréttar verið skýrður svo, að sá er höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við ætlað skaðaverk. Með vísan til þeirra vankanta á málatilbúnaði sóknaraðila sem áður hefur verið lýst hefur hann ekki leitt að því nægar líkur að hann hafi orðið fyrir tjóni og ekki gert nægilega skýra grein fyrir því hver séu tengsl þess við ætlað skaðaverk.

Stefndu telja að tvískipt krafa (5. varakrafa) gangi ekki heldur upp, þar sem í henni sé í raun viðurkennt að 19. gr. laga nr. 91/1991 sé ekki fullnægt. Með slíkri kröfugerð sé reynt að komast framhjá ákvæði 19. gr.

Loks telja stefndu að stefnandi hafi með skriflegum málflutningi brotið freklega gegn meginreglunni um munnlegan málflutning með 63 bls. þéttritaðri stefnu. Hægt hefði verið að lýsa málinu á miklu færri blaðsíðum. Ekki sé útilokað að brot gegn reglunni geti leitt til frávísunar. Auk þess telja stefndu að með endurteknum málsóknum stefnanda hafi verið brotið gegn málshraðareglu og að ekki sé útilokað að það geti leitt til frávísunar ásamt öðru. Lögvarðir hagsmunir af úrlausn sakarefnisins séu liðnir undir lok vegna ítrekaðra frávísana og sakarefnið geti vart lengur átt undir dómstóla.

Þá krefjast stefndu álags á málskostnað.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda um frávísun.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefndu verði hafnað og byggir á því að engir þeir annmarkar séu á máltilbúnaði hans sem leitt geti til frávísunar málsins. Stefnandi hafi með þessari málsókn bætt úr fyrri annmörkum sem taldir voru á máltilbúnaði hans. Reifað sé betur í stefnu það sem áður hafi verið vanreifað og rökstutt betur það sem áður hafi ekki verið nægjanlega rökstutt. Þá hafi hann svarað fyrri frávísunarsjónarmiðum með kerfisbundnum hætti í stefnu. Einnig hafi hann sýnt fram á með nýrri matsbeiðni o.fl. að ætla megi að hann muni með gagnaöflun og annarri sönnunarfærslu bæta úr því sem stefndu telji vera ágalla á máltilbúnaði hans. Þá hafi gögn frá Samkeppniseftirlitinu sem máli skipta komið inn í málið á síðustu stundu.

Stefnandi tekur fram að Kortþjónustan hf. hafi mátt greiða hærra verð fyrir milligjöld vegna verðsamráðs bankanna og færsluhirðanna um þægileg milligjöld. Stefnandi hafi með þessu brotið gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Bótaábyrgð allra stefndu sé sameiginleg.

Stefnandi telur lagagrundvöll málsins reifaðan í stefnu. Byggt sé á sakarreglunni og 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að brot stefndu varði við 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Telur stefnandi að einhverju af þeirri háttsemi sem falli undir 11. gr. laganna hafi verið lýst í stefnu, en á því sé á hinn bóginn ekki byggt að brot stefndu varði við 11. gr. samkeppnislaga. Kortþjónustan hf. hafi verið útilokuð frá því að geta samið á sömu kjörum og Valitor hf. og Borgun hf. við hina stefndu banka. Kortþjónustan hf. hafi ekki átt kost á sömu lágu milligjöldunum og Valitor og Borgun og það hafi valdið Kortþjónustunni tjóni.

Um aðild til sóknar tekur stefnandi fram að hann hafi ekki farið út fyrir kröfuframsal frá Kortþjónustunni hf. og bendir á að með úrskurði Landsréttar í máli nr. 709/2020, sem staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms, sé búið að afgreiða það að framsetning

stefnanda á aðild til sóknar sé fullnægjandi. Ef þetta hefði ekki verið í lagi þá hefði Landsréttur tekið á þessu atriði í úrskurði sínum og vísað málinu frá dómi.

Um aðild til varnar og svokallaða „forvera“ stefndu tekur stefnandi fram að þetta atriði sé ekki frávísunarástæða, heldur sýknuástæða. Þá sé hann sammála stefndu um að á þetta atriði hafi ekki reynt í fyrri málshöfðunum stefnanda.

Stefnandi tekur fram að málið í hnotskurn lúti að því að allir stefndu hafi sameiginlega komið á kerfi miðlægt ákvarðaðra milligjalda. Þeir hafi búið til netið sem aðrir fengu ekki að njóta. Bendir stefnandi á að fram komi í svonefndu andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins, á bls. 19, að stefndu hafi getað lækkað milligjöldin sem höfðu veikjandi áhrif á kortaþjónustuna en þar segi nánar svo:

Með því að ákveða milligjaldið voru Valitor og Borgun í þeirri stöðu að geta neytt færiss til að lækka milligjöldin niður fyrir það sem keppninautarnir gerðu til að bæta samkeppnisstöðu sína á færsluhirðingarmarkaði. Fyrirkomulag þetta við ákvörðun milligjalda hefur í för með sér afar veikjandi áhrif á samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja sem keppa við Borgun og Valitor.

Leggur stefnandi áherslu á að þetta hafi verið heildarsamráðsvettvangur stefndu. Þess vegna séu skilyrði samlagsaðildar uppfyllt, sbr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Stefndu séu fimm tjónvaldar og þeir beri sameiginlega ábyrgð. Nánast ógerlegt sé að skipta upp skaðabótaábyrgð hvers og eins tölulega séð. Þeir hafi skapað jarðveg fyrir brotin og þeir hafi allir viðurkennt verðsamráðið. Þess vegna sé um að ræða sameiginlega ábyrgð þeirra og rökrétt að beita 19. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, þá hafi verið lagt til grundvallar að hlutur stefndu hafi verið misjafn en stefnandi telji engu að síður að um sameiginlega ábyrgð þeirra sé að ræða. Ef um tvö aðskilin verðsamráð er að ræða, þ.e. annars vegar vegna Borgunar hf. og hins vegar vegna Valitors hf., þá verði að hafa í huga að jafnvel þó að viðurkennt sé að um tvískipta háttsemi hafi verið að ræða, þá séu þetta tjónsathafnir sem verkuðu samtímis og þess vegna sé bótaábyrgð þeirra sameiginleg og óskipt.

Stefnandi tekur fram að hinir stefndu bankar framseldu vald sitt um ákvörðun milligjalda og fólu Borgun hf. og Valitor hf. að fara með vald sitt. Hið samstíga samráð og framsal á ákvörðun milligjalda til bæði Borgunar og Valitors hafi valdið því að framseljendurnir, þ.e. bankarnir og framsalshafarnir Borgun og Valitor, settu saman á laggirnar og urðu hluti af kerfi miðlægt ákvarðaðra milligjalda. Framsal bankanna til Borgunar og Valitors hafi verið ein ákvörðun í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Bendir stefnandi á andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, bls. 11 þar sem segi svo:

Á grundvelli hópaðildar hafa Borgun og Valitor sett reglur/innleitt ákvæði sem útgefendur verða að fara eftir varðandi starfsemi þeirra á markaðnum. Borgun og Valitor eru samtök fyrirtækja með hliðsjón af því að bæði bankarnir og Valitor og Borgun hafa hliðstæða hagsmuni.

Stefnandi vísar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, bls. 29 þar sem segir svo:

Ákvörðun Valitor og Borgunar, sem samtök fyrirtækja í skilningi samkeppnisréttarins, um milligjöld, fólu í sér brot á 12. gr. samkeppnislaga.

Einnig vísar stefnandi til andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins, bls. 132, þar sem segi svo:

Aðilar að Valitor og Borgun sem samtaka fyrirtækja beittu sameiginlegu markaðsafla sínu gagnvart söluaðilum og viðskiptavinum þeirra til þess að setja samræmd milligjöld.

Stefnandi byggir á því að um altækt samráð allra stefndu hafi verið að ræða og vísar til bls. 131 í andmælaskjalinu þar sem segi svo:

Mikilvægt er einnig að átta sig á því að með því að greiða útgefendum sama milligjald af debetkortafærslum óháð vörumerkjum hafa Valitor og Borgun hamlandi áhrif á samkeppni í færsluhirðingu. [...] Skert samkeppni á milli vörumerkja gerir málið enn alvarlegra en ella.

Einnig vísar stefnandi til bls. 145 í andmælaskjalinu þar sem segir svo:

Þetta óeðlilega og ólögmæta ástand sem fólst í því að útgefendur framseldu áhrifavald sitt til Valitor og Borgunar um hvaða milligjöld skyldu gilda í krossfærsluhirðingu veitti Valitor og Borgun verulegt forskot í samkeppni við PBS/Kortu. Borgun og Valitor gátu farið sínu fram með samþykki útgefenda og byggði þessi mismunun á eigendahagsmunum í Valitor og/eða Borgun.

Stefnandi telur að framangreint sýni ótvírætt að um heildarsamráð allra stefndu hafi verið að ræða, þ. á m. á milli Valitors og Borgunar. Þá bendir stefnandi á að sömu aðilar hafi verið í stjórnnum fyrirtækjanna og því séu löglíkur fyrir því að gjaldskrár fyrir milligjöld hafi farið á milli aðila. Stefndu hafi allir með einum eða öðrum hætti komið að hinum ólögmætu milligjöldum. Hver og einn þeirra hafi verið valdur að tjóni Kortu.

Stefnandi tekur fram að Samkeppniseftirlitið hafi ekki rannsakað sérstaklega samráð á milli Valitors og Borgunar. Málin hafi verið rannsökuð sem tvö aðgreind brot

og aðskilin mál en það breyti því ekki að rannsóknargögn þau sem lágu til grundvallar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015, sem stefnandi lagði fram fyrir frávísunarflutning málsins, sýni að um samráð hafi verið að ræða. Samráð Valitors og Borgunar hafi ekki verið andlag rannsóknarinnar, en bankarnir hafi ákveðið samráðið, sbr. það sem fram kemur á bls. 30 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015.

Samkeppniseftirlitið hafi m.ö.o beint sjónum sínum að valdframsali bankanna til annars vegar Valitors og hins vegar Borgunar, en ekki á milli þeirra síðastnefndu.

Stefnandi telur með vísan til framangreinds að hann hafi í stefnu og með framlögðum gögnum bætt verulega úr reifun málsins og sýnt fram á að það hafi verið heildarsamráð á milli stefndu allra, þ.m.t. Valitors og Borgunar.

Í úrskurði Landsréttar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að verulega skorti á að aðild til varnar hefði verið reifuð nægjanlega. Stefnandi telur sig hafa bætt verulega úr þessu og sýnt fram á að það hafi verið heildarsamráð á milli stefndu allra, þ.m.t. Valitors og Borgunar. Því sé fráleitt að vísa málinu frá á þeim grundvelli að málið sé vanreifað um sameiginlega ábyrgð stefndu.

Stefnandi tekur fram að hann hafi rökstutt pro rata ábyrgð með fullnægjandi hætti. Þá hafi hann óskað eftir í nýrri matsbeiðni að reiknað verði, ef unnt er, hver ábyrgð hvers og eins stefnda sé.

Um bótagrundvöllinn tekur stefndi fram að stefndu stóðu fyrir ólögsmætu samráði og með því hafi þeir valdið Kortu tjóni. Skaðlegar afleiðingar af háttsemi stefndu séu raktar á bls. 130 í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins, þar sem segi svo:

Í ljósi þess að Valitor og Borgun ákveða hvert milligjaldið skal vera sem þau sjálf greiða sem færsluhirðar eru þessi félög í þeirri stöðu að geta neytt færís til að lækka milligjöldin niður fyrir það sem keppinautar greiða til þess að bæta samkeppnisstöðu sína á færsluhirðingarmarkaði.

Stefnandi tekur fram að kjarni málsins sé sá að verðákvörðun um milligjöld hafi verið samræmd og samkeppni með því raskað.

Stefnandi byggir á því að tjón Kortu hf. hafi falist í því að félagið gat ekki aflað sér tekna á markaðinum. Í krafti lágs milligjalds hafi stefndu getað setið að markaðinum. Háttsemi stefndu hafi staðið yfir frá því í nóvember 2002 og til ársins 2015, en bótakrafan taki til tímabilsins 21. júní 2003 til 21. júní 2013. Tjónstímabilið samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð í máli nr. M-157/2013, dags. 30. júní 2016, sé afmarkað við tímabilið 21. júní 2003 til 21. júní 2013. Þá hafi rannsókn Samkeppniseftirlitsins af praktískum ástæðum verið afmörkuð við tímabilið frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2009. Vísar stefnandi til bls. 73 í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins þar sem segir svo:

Rannsóknartímabil málsins er árin 2007-2009, bæði meðtalin. Málið er mjög umfangsmikið og hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að afmarka málið við þetta tímabil, enda þótt merki séu um að sú háttsemi sem málið tekur til hafi varað lengur, bæði fyrir og eftir framangreint rannsóknartímabil.

Um skort á aðgreiningu frá tjóni vegna háttsemi sem lá til grundvallar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 bendir stefnandi á að dómsáttin, sem gerð var í kjölfar ákvörðunar nr. 4/2008, taki ekki til „milligjalda vegna debetkorta“. Dómsáttin hafi, m.ö.o. náð til debetkorta en ekki yfir milligjöld debetkorta.

Mál þetta skarist því ekki við ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 4/2008.

Um tjón Kortu tekur stefnandi fram að of hátt milligjald vegna færsluhirðinga hafi valdið söluaðilum tjóni. Hið sama eigi við um færsluhirða sem hafi orðið fyrir barðinu á ólögmætu samráði útgefenda. Korta hafi staðið verr að vígi í samkeppni um söluaðila. Þeir sem höfðu áhuga á viðskiptum við Kortu hafi ekki getað það þar sem kostnaður Kortu við færsluhirðingar debetkorta hafi verið of hár. Tjón Kortu hafi falist í þeim tekjum sem fyrirtækið fór á mis við vegna þeirrar skertu markaðshlutdeildar sem ólögmætt verðsamráð stefndu olli.

Stefnandi telur bein orsakatengsl vera á milli háttsemi stefndu og tjóns Kortu. Ólögmætt samráð Borgunar og Valitors hafi leitt til þess að Korta gat ekki boðið samkeppnishæfar þóknarir í uppgjöri á íslenskum debetkortafærslum. Tekur stefnandi fram að dómkvaddir matsmenn hafi reiknað út fjárhæð þess tjóns sem Korta varð fyrir vegna þessarar skertu samkeppni. Stefndi telur að hann hafi bætt að þessu leyti úr fyrri annmörkum á málatilbúnaði sínum sem raktir voru í dómi Hæstaréttar í máli nr. 239/2017, úrskurði Landsréttar nr. 167/2019 og nr. 709/2020. Telur stefnandi að það hafi hann gert með afmörkun orsakatengsla gagnvart samkeppnislagaþrotum skv. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008. Er á því byggt að tjón það sem krafist er bóta fyrir í máli þessu sé að öllu leyti afleiðing af samræmingu stefndu á milligjöldum vegna færsluhirðingar debetkorta. Þá bendir stefnandi á að hann hafi lagt fram bókun á matsfundi hinn 20. maí 2015 þar sem hann óskaði eftir því að matsmenn einskorðuðu mat sitt við það tjón sem hin ólögmæta framkvæmd á ákvörðun milligjalda hafi valdið Kortu. Í stefnu, í grein 259, reki stefnandi hvaða brot stefndu hafi verið afmörkuð í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008. Telur stefnandi að sú afmörkun sýni að *lítil sem engin* skörun sé á milli þeirra tjónsafleiðinga og þess tjóns sem komi fram í fyrirbyggjandi matsgerð dómkvaddra matsmanna vegna hinna ólögmætu milligjalda, sbr. grein 260 í stefnu. Bendir stefnandi á að ástæðan sé sú staðreynd að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 lúti að *langmestu leyti* að tjóni vegna kreditkorta, en aðeins lítil hluti þess máls lúti að samkeppnislagaþrotum vegna viðskipta með debetkort. *Þannig að það tjón sem bætt var með nefndri dómsátt var alfarið vegna*

samkeppnislagabrota á kreditkortamarkaði en það tjón sem nú eru sóttar bætur fyrir byggist á samkeppnislagabrotum á afmörkuðum hluta hins íslenska debetkortamarkaðar, n.tt. færsluhirðingarmarkaði með debetkort.

Stefnandi telur tjón sitt sennilega afleiðingu af háttsemi stefndu.

Umfangi hins meinta tjóns lýsir stefnandi í greinum 287–303 í stefnu. Byggir stefnandi aðalkröfu sína að fjárhæð 922.921.239 krónur á matsgerð dómkvaddra matsmanna í matsmáli nr. M-157/2013. Óskað hafi verið eftir því við matsmenn að þeir afmörkuðu mat sitt við það tjón sem ólögmat framkvæmd við ákvörðun milligjalda olli Kortu á markaði fyrir færsluhirðingu debetkorta. Það sé því rangt sem haldið sé fram af stefndu að matsgerðin lúti að öðrum atriðum. Bendir stefnandi á að matsmenn hafi áætlað tjón Kortu út frá rekstraráætlun félagsins og að matsmenn hafi lagt sjálfstætt mat á glataðar þóknunatekjur Kortu og hafi einskorðað mat sitt við tekjur og gjöld Kortu. Það sé rangt sem segi í úrskurði Landsréttar nr. 289/2018 að matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi miðast við að þóknun Kortu hafi verið 0,1% af veltu í debetkortaviðskiptum. Matið hafi verið byggt á rauntölum úr rekstri Kortu/kortaveltu og þóknunartekjum af debetkortafærslum. Matsmenn hafi notað rauntölur úr ársreikningum aðila og veltutölur og raunafkomu aðila af debetkortafærslum, frekar en að miða t.d. við 0,10% þóknunarhlutfall sem Korta hafði ætlað sér af debetkortaveltunni. Matsmenn hafi ekki þurft að leggja mat á það hvort þóknun Kortu ætti að vera eða hafi verið 0,10% eða hærri eða lægri. Matsmenn hafi þannig náð að leggja mat á sjálfstætt tjón Kortu, án þess að þurfa að skoða PBS/Teller eða leggja mat á skiptingu þeirra á milli. Ólögmat samráð stefndu um milligjöld á debetkortafærslum hafi haft bein og sjálfstæð áhrif á Kortu. Stefnandi bendi sérstaklega á eftirfarandi orð í umræddri matsgerð á bls. 34:

Leggja má til grundvallar að tekjur hafi aukist meira með aukinni veltu en kostnaðurinn. Þannig má ætla að minni velta í kjölfar minni markaðshlutdeildar hafi leitt til tjóns fyrir matsbeiðanda. Samkvæmt sams konar útreikningum og lýst er að ofan um samband kostnaðar og veltu námu tekjur 0,5% af umframveltu, þ.e. þeirri veltu sem reiknast til að matsbeiðandi hefði haft ef ekki hefði komið til meintrar háttsemi.

IV

1.

Mál þetta er upphaflega að rekja til kvörtunar Kortabjónustunnar hf. (sem síðar hét Korta hf.) til Samkeppniseftirlitsins í apríl 2009. Í kvörtuninni gerði Kortabjónustan hf. athugasemdir við háttsemi stefndu, þar á meðal um ákvörðun svokallaðs milligjalds á debetkortafærslur, en með því er átt við greiðslu sem færsluhirðir greiðir til útgefanda greiðslukorta fyrir þjónustu þeirra við söluaðila í greiðslukortaviðskiptum.

Í andmælaskjali, dags. 8. mars 2013, sem Samkeppniseftirlitið sendi frá sér vegna kvörtunar Kortabjónustunnar hf. og sem lauk með ákvörðun nr. 8/2015, kom fram það

frummat stofnunarinnar að stefndu hefðu allir gerst brotlegir við nánar tilgreind ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, þar á meðal við ákvörðun milligjalda. Í kjölfarið gengu stefndu til viðræðna við Samkeppniseftirlitið sem lauk með gerð sátta, dags. 9. júlí, 20. ágúst og 15. desember 2014, þar sem stefndu hver um sig viðurkenndu brot gegn ákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga og 53. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið og gengust undir nánar tilgreindar sektargreiðslur af því tilefni.

Stefnandi, sem leiðir rétt sinn frá Kortþjónustunni hf., reisir málatilbúnað sinn á hendur stefndu á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna samkeppnislaga brota stefndu á færsluhirðingarmarkaði debetkorta, nánar tiltekið vegna ákvörðunar milligjalda á debetkortafærslur. Háttsemi stefndu hafi átt sér stað alveg frá stofnun Kortþjónustunnar hf. í lok árs 2002 og fram að því að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2015 tók gildi. Tekur stefnandi fram að bótakröfur hans miðist við tjonstímabilið 21. júní 2003 – 21. júní 2013. Er málsóknin á því byggð að fyrrgreind samkeppnislaga brot stefndu, sem fólust í ólögmætri ákvörðun milligjalda, hafi leitt til þess að stefnandi hafi misst af viðskiptum og þar með hagnaði sem nemi stefnujárhæðinni. Umfang tjónsins byggir stefnandi á matsgerð dómkvaddra matsmanna í matsmáli nr. M-157/2013. Óskað hafi verið eftir því við matsmenn að þeir afmörkuðu mat sitt við það tjón sem ólögmæt framkvæmd við ákvörðun milligjalda olli Kortu á markaði fyrir færsluhirðingu debetkorta. Bendir stefnandi á að matsmenn hafi áætlað tjón Kortu út frá rekstraráætlun félagsins og að matsmenn hafi lagt sjálfstætt mat á glataðar þóknunartekjur Kortu hf. Matið hafi verið byggt á rauntölum úr rekstri, þ.e. kortaveltu Kortu hf. og þóknunartekjum af debetkortafærslum. Matsmenn hafi notað rauntölur úr ársreikningum aðila og veltutölur og raunafkomu aðila af debetkortafærslum. Telur stefnandi að ólögmætt samráð stefndu um milligjöld á debetkortafærslum hafi haft bein og sjálfstæð áhrif á Kortu hf. sem hafi orðið fyrir fyrrgreindu tjóni af þeim sökum.

2.

Svo sem að framan er rakið er þetta sjötta málsókn stefnanda á hendur stefndu vegna sama sakarefnis og hefur öllum fyrri málsóknum verið vísað frá dómi vegna margvíslegra annmarka á kröfugerð og málatilbúnaði stefnanda. Í máli þessu gera stefndu einnig margvíslegar athugasemdir við málatilbúnað stefnanda sem þeir telja að leiði til þess að einnig beri að vísa máli þessu frá dómi.

Í d- og e-liðum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir að dómkröfur verði að koma glögg fram í stefnu, auk þess sem lýsing málsástæðna og málsatvika verði að vera svo glögg að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Samkvæmt þessu verður sakarefnið að vera vel afmarkað og skýrt í stefnu. Þetta þýðir að í stefnu þurfi bæði að koma fram þær málsástæður sem stefnandi byggir kröfu sína á og frásagnir af atvikum, sem að öðru leyti er þörf á að greina frá vegna samhengis. Þessum áskilnaði

þarf m.a. að vera fullnægt svo stefndu sé kleift með viðhlítandi hætti að taka til varna og dómur verði síðan lagður á málið á réttum grundvelli.

Dómurinn telur, með vísan til greindra lagaákvæða og í samræmi við meginregluna um skýran og glöggan málatilbúnað, að stefnanda hafi borið að gera skýra grein fyrir meintu tjóni sínu í stefnu og á hvaða grundvelli hann reisir kröfur sínar, þ. á m. þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar útreikningi fjárfagna hans. Ekki nægir í því sambandi að vísa til framlagðra gagna málsins eða matsgerða.

Aðalkrafa stefnanda er um greiðslu skaðabóta sameiginlega úr hendi stefndu að fjárhæð 922.921.239 krónur. Er krafan að því er best verður séð á því byggð að stefndu hafi staðið fyrir ólögmætu verðsamráði og skipulagi á debetkortamarkaði og með því valdið Kortu hf. skaðabótaskyldu tjóni í formi rekstrarerfiðleika, glataðra viðskipta og hagnaðarmissis. Í fyrstu varakröfu stefnanda er þess krafist að stefndu verði *sameiginlega* gert að greiða stefnanda skaðabætur *ad alitum ad mati dómsins* og í annarri varakröfu er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda skaðabætur *pro rata ad alitum ad mati dómsins*. Í þriðju, fjórðu og fimmtu varakröfu stefnanda er síðan krafist *viðurkenningar* á bótaskyldu hinna stefndu banka og svokallaðra *forvera* þeirra fyrir brot gegn samkeppnislögum vegna sömu ólögmætu háttsemi.

3.

Að því er kröfugerðina sjálfa varðar þá er að mati dómsins ekki að finna í stefnu glögga og skýra lýsingu á því hvernig hún eða einstakir hlutar hennar hafi stofnast, auk þess sem kröfugerðin sjálf sé óskýr. Ekki er þannig með skýrum hætti útlistað hvernig samkeppnislagabrot stefndu gátu valdið stefnanda tjóni í þeim mæli sem krafist er. Er þá m.a. litið til þess að rannsókn samkeppnisyfirvalda tók aðeins til hluta þess tíma sem lagður er til grundvallar bótakröfu stefnanda.

Við þetta bætist að stefndu, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. voru allir stofnaðir á árinu 2008, en stefnandi krefur þessa aðila engu að síður um greiðslu bóta vegna tjóns sem stofnast hafi til fyrir stofnun þeirra. Í stefnu er engin grein gerð fyrir því á hvaða grundvelli hinir stefndu bankar geti borið ábyrgð á tjóni sem rekja megi til atvika sem áttu sér stað fyrir stofnun þeirra. Í stefnu eru með öðrum orðum engin almenn eða sérstök umfjöllun um forvera hinna stefndu banka eða um ábyrgð hinna stefndu banka á tjóni sem rekja má til athafna forveranna. Engin gögn hafa heldur verið lögð fram í málinu sem gefa til kynna að þessir aðilar hafi tekist á hendur bótaábyrgð á meintu tjóni stefnanda á árunum fyrir stofnun þeirra, þ.e. árin 2003 -2008.

Loks telur dómurinn að stefnandi hafi ekki heldur með skýrum og glöggum hætti lýst hvernig hann geti verið lögmætur réttihafi að hugsanlegum kröfum á hendur hinum svokölluðu forverum. Eins og málið liggur fyrir telur dómurinn óljóst hvort stefnandi hafi löglega heimild til að fylgja þeim eftir. Gildir þetta um allar dómkröfur stefnanda bæði aðal- og varakröfur í ljósi afmörkun bótagrundvallarins í stefnu.

4.

Auk framangreinds telur dómurinn að málatilbúnaður og kröfugerð stefnanda sé í heild sinni í andstöðu við meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað. Stefna málsins er nú 63 blaðsíður, þéttirituð og með smáu lettri, þar sem lítill greinarmunur er gerður á aðalatriðum og aukaatriðum. Þetta hefur þau áhrif að málatilbúnaður og málsástæður sem stefnandi byggir á verða svo óskýr að málið telst ekki dómtækt í þeim búningi sem það er lagt fyrir dóminn. Er stefnan mun lengri og ítarlegri en gert er ráð fyrir í e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Slík framsetning stefnu er einnig andstæð meginreglunni um munnlegan málflytning.

Með vísan til alls þess er að framan greinir er það niðurstaða dómsins að málið sé svo vanreifað bæði um aðalkröfu og varakröfur að ekki verði hjá því komist að vísa því í heild sinni frá dómi.

5.

Fyrri mál sem stefnandi hefur höfðað á hendur stefndu hafa sætt frávísun vegna margvíslegra ágalla á málatilbúnaði stefnanda sem ekki verður séð að hafi verið bætt úr í máli þessu. Í ljósi þess er við ákvörðun málskostnaðar höfð hliðsjón af ákvæði c-liðar 1. mgr., sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá er við ákvörðun málskostnaðar tekið tillit til málskostnaðar vegna ágreinings um dómkvaðningu matsmanns og öflun ráðgefandi álits EFTA dómstólsins, sbr. úrskurð dómsins 31. mars sl. Að þessu virtu og með vísan til 2. mgr. 130. gr. sömu laga verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, EC Clear ehf. greiði stefndu, Arion banka hf., Borgun hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf. og Valitor hf., hverjum um sig 850.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)